



[Nafn málshefjanda.]

Reykjavík, 25. mars 2019

Vísað er til erindis þíns frá 2. janúar sl. um meint brot Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, alþingismanns, á siðareglum fyrir alþingismenn í tilefni af ummælum hans í fréttaviðtali í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 3. desember 2018 og síðari samskipti af því tilefni. Í erindi þínu er vísað til þess að hátterni þingmannsins hafi verið andstæð 5., 7. og 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Á fundi forsætisnefndar 14. janúar sl. var samþykkt að erindi þitt yrði sent til meðferðar hjá þeim nýju varaforsetum sem kjósa ætti til að fara með erindi til forsætisnefndar, dags. 3. desember 2018. Erindi þitt var einnig kynnt þingmanninum með bréfi dags. 21. janúar sl. Þann 7. febrúar sl. var þingmanninum tilkynnt að 7. og 8. varaforseti, sem kosnir voru á þingfundi 22. janúar sl., hafi tekið við meðferð málsins. Í sama bréfi var óskað athugasemda Sigmundar Davíðs við hæfi nefndarmanna í siðanefnd skv. 16. gr. siðareglanna og forsætisnefnd sem og við málsmeðferðina að öðru leyti. Athugasemdir bárust ekki frá þingmanninum.

Reglur 88. gr. þingskapa Alþingis og siðareglur fyrir alþingismenn gera ráð fyrir því að forsætisnefnd taki við erindum um meint brot alþingismanna á siðareglum fyrir Alþingismenn, sbr. 17. gr. siðareglanna. Telji forsætisnefnd ljóst eftir að hafa kynnt sér framkomið erindi og fyrirbyggjandi gögn að það gefi ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar lýkur hún athugun sinni á málinu, sbr. 1. mgr. 18. gr. siðareglanna. Við mat á því hvort erindi gefi nægilegt tilefni til frekari athugunar á grundvelli siðareglna kemur til skoðunar réttur hlutaðeigandi þingmanns til þess að tjá sig á opinberum vettvangi um málefni sem varðar hann sjálfan, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og þær takmarkanir sem tjáning hans kann að þurfa að sæta í þeim efnum samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn.

#### 1.

Siðareglur fyrir alþingismenn hafa m.a. þann tilgang að efla ábyrgðarskyldu alþingismanna, svo tiltrú og traust almennings á Alþingi. Siðareglunum er ætlað að standa vörð um þessi siðferðilegu verðmæti og hvetja þingmenn til góðra verka. Á þessum grundvelli er í siðareglunum settar fram meginreglur um hátterni og

háttarnisskyldur alþingismanna. Meðal þess leiðarljóss sem siðareglurnar veita þingmönnum er að kasta ekki rýrð á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni, sbr. c-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglanna. Þá er í 7. gr. reglnanna tekið fram að alþingismenn skulu í „öllu háttarni sínu sýna Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu“ og í 8. gr. er rakið að „þingmenn skulu ekki sýna öðrum þingmönnum, starfsmönnum þingsins eða gestum kynferðislega eða kynbundna áreitni, leggja þá í einelti eða koma fram við þá á annan vanvirðandi hátt.“

Rétt er að leggja áherslu á að siðareglurnar hafa ekki þann tilgang að takmarka möguleika þingmanna til þess að bregðast við frásögnum og umfjöllun annarra um þá. Siðareglurnar geta á hinn bóginn, eins og áður segir, sett tjáningu alþingismanns skorður þegar kemur að því að meta hvernig hann hefur komið tjáningu sinni á framfæri og við hvaða aðstæður það er gert.

Í framkvæmd hefur verið litið svo á að þingmenn njóti ríkrar verndar til þátttöku í opinni og frjálsri stjórn málaumræðu í lýðræðisþjóðfélagi, sbr. Björgu Thorarensen: *Stjórnskipunaréttur* 2015, bls. 312. Í því máli sem erindi þitt lýtur að er á hinn bóginn um að ræða ummæli þingmanns sem fólu í sér andsvör hans í tilefni af umfangsmikilli umfjöllun fjölmiðla um hljóðupptökur frá samtölum hans og fimm annarra þingmanna á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018.

## 2.

Í erindi þínu vísar þú til þess að í viðtalinu hafi þingmaðurinn haldið því fram að samtöl af því tagi sem hljóðrituð voru, „...þar sem alþingismenn níða og niðurlægja aðra þingmenn á óviðurkvæmilegan og klámfenginn hátt, væru og hefðu um langa hríð verið alsíða meðal þingmanna allra flokka og að orðbragðið væri stundum jafnvel „töluvert grófara““. Hafi þingmaðurinn með þessum orðum sínum brotið gegn háttarnisskyldum sínum og þeim meginreglum sem gilda um háttarni alþingismanna skv. 5., 7. og 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Vísar þú sérstaklega til þess að við mat á því hvort þingmaðurinn hafi brotið háttarnisskyldur sínar skuli líta til c-liðar 1. mgr. 5. gr. siðareglanna.

Forsætisnefnd hefur aflað útskriftar af frétt Ríkisútvarpsins 3. desember 2018 undir yfirskriftinni: „Orðræða sexmenninganna óverjandi“. Fréttin hefst á því að farið er yfir viðbrögð forseta Alþingis á þingfundi fyrr um daginn, þar sem hann hafi „[beðið] þjóðina alla afsökunar á óráðshjali þingmanna á barnum Klaustri...“. Þá er greint frá „rafmagnaðri stemningu“ í þingsal við upphaf þingfundar, að tveir þingmenn Miðflokksins hafi farið í leyfi og þingmennirnir Karl Gauti Hjaltason og Ólafur Ísleifsson væru orðnir óbreyttir þingmenn. Þar á eftir kemur viðtalið við umræddan þingmann, þar sem hann er krafinn viðbragða við atburðum dagsins og spurður um afstöðu sína til þeirra ummæla sem fjölmiðar höfðu greint frá á hljóðupptökum. Í svörum sínum vísar þingmaðurinn m.a. til reynslu sinnar af háttarni og ummælum annarra þingmanna og að gæta beri samræmis, en jafnframt að slíkt réttlæti ekki þau ummæli sem viðhöfð hafi verið. Ummæli þingmannsins fólu í sér fullyrðingar um atvik, án frekari tilgreiningar, sem hann telur að hann hafi sjálfur upplifað.

3.

Að mati forsætisnefndar fólust í ummælum þingmannsins staðhæfingar um atvik, sem hann fullyrti að hefðu verið sambærileg þeim sem fjölmiðlar hefðu með ítarlegum hætti fjallað um í hljóðupptökunum. Líta verður til þess að ummælin fólu í sér andsvör hans við þeirri umfjöllun. Þegar það er virt og við hvaða aðstæður þau voru látin falla er ekki unnt að fullyrða að hátterni þingmannsins hafi verið andstætt hátternisskyldum hans, sbr. 7. og 8. gr. siðareglanna og meginreglum þeirra um hátterni, sbr. 5. og 6. gr. reglnanna. Það er því niðurstaða forsætisnefndar að erindi þitt gefi ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 18. gr. reglnanna. Er afskiptum forsætisnefndar af erindi þínu því lokið hér með.

Forsætisnefnd vill í ljósi framangreinds taka fram að siðareglur fyrir alþingismenn gera ekki ráð fyrir því að forsætisnefnd skeri úr um sönnunargildi þeirra staðhæfinga þingmannsins, sem eru tilefni erindis þíns.

Stimurinn Þinn.

Afrit:  
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, alþingismaður.